



Veturliði á sýningu sinni að Kjarvalsstöðum.

Tímamyndir Gunnar.

# NÚ JÁ, HVAÐ VILJIÐ ÞIÐ FÁ AÐ VITA

Ef gengið er suður Laufásveg og hugað að bakhúsum, má sjá að eitt þeirra er umkringt sérkennilega sjórsorfnum steinum og hvalbeinum. Þar býr Veturliði Gunnarsson listmálari.

Veturliði heldur þessa dagana myndlistarsýningu að Kjarvalsstöðum. Það er nokkurs konar yfirlitssýning, æði margbreytileg eins og sýningar eiga að vera. En þótt sýningin að Kjarvalsstöðum beri skapara sínum fagurt vitni, er ekki ætlunin að skrifa um hana. Nú skal rætt við listamanninn sjálfan.

— Nú já, hvað viljið þið fá að vita?

— Já, fyrst þú ert að sýna, væri ekki úr vegi að spyrja þig um álit þitt á listsmekk fólks

Veturliði hallar sér í stólnum, lætur lappirnar upp á borð. Eftir nokkra bið hefur hann komið sér vel fyrir. Og þá stendur ekki á svarinu.

— Vinur okkar Steinn Steinarr var einu sinni spurður: yrkir þú fyrir fólkið? Fólki, hvað er nú það, sagði Steinn, er það kannski vinur minn Dósópeus Tímóteusson?

Já, ég hef að minnsta kosti álit á listsmekk þess fólks, sem kaupir myndir af mér, og oft hefur glatt mig að sjá aðra gamla meistara vikja plássi fyrir minum myndum á heimilum. Annars er smekkur ekki hæstíréttur í mati á list, heldur þekking og skilningur.

— En finnst þér ekki oft eins og það fólk, sem kaupir myndlistarverk, sé að kaupa nöfn listamanna frekar en verk þeirra?

— Sérstaklega verður maður þess var á uppboðum. Þar er snobb og heimska, vanþekking og

sálarkreppa allsráðandi. Alls konar rusl eldri manna, og sérstaklega dauðra, seljast dýrt, en góð verk yngri manna seljast á smánarverði. Auðvitað vill fólk ekki kaupa myndir af ungum mönnum, sem kannski eiga eftir að fara í hundana. Það er manlegt að skjátlást.

— Ert þú einn þeirra manna, sem gengið hafa með myndlistina í maganum frá ómunatíð?

— Nú hlær Veturliði og fær sér kaffi. Sumir segja, að kaffi sé andleg driffjödur.

— Þegar ég var 17 ára, sá eg fyrst málverk. Svo gekk eg með myndir í magnaum, þangað til maginn var tekinn úr mér, og síðan annað lungað úr berklum. Það var eftir alla þá holskurði, sem Kjarval hvatti mig til að kaupa utanborðsmótor. Síðan hef eg gengið með myndir í höfðinu, og eins og annað líf heimtar það að fæðast. Þess vegna verða myndir til, og þar af leiðandi málverkasýningar.

Og nú skal dregin játning upp úr meistaranum.

— Hvað og hverjir hafa haft mest áhrif á listsköpun þína?

— Fyrst og fremst barnateikningar, sem tjá heiminn óspilltum augum, og þar næst ljóð þeirra höfunda, sem skrifa með blóði, blóði hjartans. Jóhann Sigurjónsson og Jóhann Jónsson eru minir menn, ásamt austurlenzkum höfundum, Li Po, Kahil Gibran, Hiroshige, Sotatsu og Sharaku.

— Ýmsir eiga erfitt með að skilja, hvi íslenzkir myndlistarmenn sækja vídfangsefni sín svo mjög út í náttúruna?

— Mitt er að yrkja — ykkar að

skilja, og þeir sem ekki skilja, ættu annað hvort að biðja guð að hjálpa sér eða pissa á sig. Þeir sem ekki hafa lifað sólarupprás í Hvallátrum, Flateyjarsund um lágnættið og Sviðnur, eiga bág. Það er einfaldlega ekki hægt annað en trú á Guð á slíkum stundum.

— Hvað finnst þér markverðast í íslenzkri samtíðarmyndlist?

— Því er auðsvarað, það er sýningin sem nú stendur yfir á Miklatúni. Og jafnframt sá veggur, sem ég vann ásamt Þóri Bergsteinssyni í Arbæjarskóla. Enginn, sem ekki hefur séð þann vegg úr íslenzkum eðalsteinum, veit hvað bezt er í nútímalist. Ala Flóki.

— Tekurðu mark á kritikerum?

— Æi nei. Þetta eru yfirleitt ungir menn, yfirfullir af formúlum. Mynd á að vera svona, en ekki svona, segja þeir. Þeir vilja hafa steytta hnefa og byssstingi á öllum myndum. Það heitir vist að frelsa heiminn, eða eitthvað í þá áttina. Það er þessi popplist. Æpandi litir og maður að drepa annan mann. Eg held að þeir, sem þannig mála, noti lit-skuggamyndir fremur en frjótt hugmyndaflug. Og svo auðvitað hvers konar tímarit. Stundum mætti ætla, að þeir klipptu úr þeim myndir. Þessar myndir veita aðeins augnabliks áhrif, og þar má sjá í kílómetravís á söfnum um allan heim. Allt um stríð og annað ofbeldi. Picasso málaði stríð í Guernica. Lengra verður ekki komið á þeirri braut og því tími til kominn, að menn snúi sér að einhverju öðru.

Nú er Veturliði í essinu sínu. Meira kaffi og enn meira kaffi.

— Listamenn, segir hann, verða að vera harðir gagnvart sjálfum sér, þeir verða að aga sig. Að öðrum kosti verða þeir í mesta lagi snoppufriðir. Þegar ég var að læra í Kaupmannah., voru þar þrjú Jótar. Þeim hafði verið sagt í sinni heimabyggð, að einhvers mætti frá þeim vænta. Svo þeir drifu sig til Hafnar. Þarna á skólanum var einn prófessor, sem þótti sérdeilist harður í horn að taka. En hann vildi nemendum sínum vel og sagði þessum Jótum því að fara heim til sín að setja niður rófur. Þeir drápu sig allir út af þessu. Einn kastaði sér niður úr Sivalaturni, af því að hann var rómantiker, annar henti sér í siki, en sá þriðji notaði brennivín og pillur. Þetta mættu ýmsir íslenzkir „meistarar“ taka sér til fyrirmyndar.

Nú jæja, vonandi ekki, en menn geta þó haft þessi lokaorð bak við eyrad.

PJETUR HAFSTEIN LARUSSON

## Viljið þér gefa skíðabakteríu í fermingargjöf?

Sá, sem fær skíðabakteríuna er þaðan af veikur — fyrir heilbrigðu útilífi og líkamsrækt. Að öðru leyti styrkist hann. Gefið fermingarbarninu skíðanámskeið í Kerlingarfjöllum í sumar. Þaðan kemur það ekki án skíðabakteríu, slíkur urmull sem af þeim er í fjallalöftinu uppi við Hofsjökul.

**skíðanámskeiðin í sumar:**

Nr.	Frá Rvík	Dagafj.	Tegund námskeiða	Verð	Án kennslu
1	19. Júní	6 dagar	Unglingar 12—16 ára	10.800,00	
2	24. Júní	6 dagar	Unglingar 12—16 ára	10.800,00	
3	29. Júní	6 dagar	Unglingar 12—16 ára	10.800,00	
4	4. Júlí	7 dagar	Almennt námskeið	15.800,00 <sup>1)</sup>	14.500,00
5	10. Júlí	6 dagar	Fjölskyldunámskeið	13.800,00 <sup>2)</sup>	12.800,00
6	15. Júlí	7 dagar	Almennt námskeið	15.800,00	14.500,00
7	21. Júlí	7 dagar	Almennt námskeið	15.800,00	14.500,00
8	27. Júlí	7 dagar	Almennt námskeið	15.800,00	14.500,00
9	2. ágúst	4 dagar	Alm. námsk. (skíðamót)	9.000,00 <sup>3)</sup>	
10	6. ágúst	6 dagar	Almennt námskeið	13.800,00	12.800,00
11	11. ágúst	6 dagar	Unglingar 14—18 ára	10.800,00	
12	16. ágúst	6 dagar	Unglingar 14—18 ára	10.800,00	
13	21. ágúst	6 dagar	Námsk. f. keppnisfólk	12.500,00	
14	26. ágúst	6 dagar	Almennt námskeið	12.500,00	

**Bókanir og miðasala:**  
**ZOËGA Útilíf Glæsibæ**  
FERDASKRIFSTOFA HAFNARSTRÆTI 5  
 Ath. biðjið um upplýsingabækling.  
**Skíðaskólinn í Kerlingarfjöllum**



Frá sýningu Veturliða